

Nd.

245. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við staflað c. í 9. gr. laga nr. 75, 28. nóv. 1919, komi:
Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.

2. gr.

13. gr. sömu laga orðist svo:

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðarupphótar eftir sömu reglum og embættisnenn, og greiðist hún af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. Hlunnindi þau, er ræðir um í 11. gr. 2. málgr., koma ekki til greina í þessu sambandi.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið segir upp með 4 mánaða fyrirvara þeim kennurum, sem skólanefndir og fræðslunefndir telja eigi nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1924.